



Breytingar á kjarasamning/launatöflu í Stólpa.


- 1) Byrja skal á því að fara í Launakerfið og velja *Launaupplýsingar* > **Kjarasamningar**
- 2) Veljið í [**Leitarlykli**] þann kjarasamning sem á að breyta. Athugið ef notaðir eru margir kjarasamningar skal breyta hverjum fyrir sig.
- 3) Tvísmellið í **neðstu auðu línuna** í gildistíma og setjið inn þá **dagsetningu** sem breyting launa skal vera og ýtið á [**Enter**] á lyklaborðinu.




- 4) Veljið [**Hækkun/lækkun**] launatöflu og ýtið á [**Áfram**].



- 5) Veljið **nýjustu launatöflu** kjarasamningsins og ýtið á [**Áfram**].



- 6) Setjið inn % **hækkun kjarasamningsins** eða **fasta upphæð** ef það á við og ýtið á [**Staðfesta**].




- 7) Til verður **nýr kjarasamningur** með **gildistímanum** sem áður var skilgreindur var í lið 3.

Afturvirk launabreyting

Ef launabreyting er afturvirk er hægt að meðhöndla það á tvennan hátt, leið 1 eða 2.

Leið 1

- Verið búin að uppfæra allar opnar launakeyrslur.
- Stofnið nýjan samning með dagsetningu þess útborgunarmánaðar sem verið er að fara að reikna laun fyrir, *dæmi 01.03.2020*.
- Stofnið útborgun fyrir núverandi mánuð. *Dæmi Mars 2020*
- Við skráningu launa skal passa dagsetningar í reitum *Dags.frá og til* við leiðréttingar á launum aftur í tímann.



Nr.	Launaliður	Magn	Upphæð	Álhugasemd	Deild	Dags. frá	Dags. til	Sa.	Lf.	Prep
>		1,00				01.08.20	31.08.20			

Dæmi:

Útborgun fyrir mars mánuð:

Mánaðarlaun 01.01.20 – 31.01.20 -1 eining

Mánaðarlaun 01.02.20 – 29.02.20 -1 eining

Mánaðarlaun 01.03.20 – 31.03.20 3 einingar

Á launaseðli sést aðeins 1 eining af mánaðarlaunum með samanlagðri fjárhæð leiðréttingarinnar.

Leið 2

- Verið búin að uppfæra allar opnar launakeyrslur.
- Stofnið nýjan samning með gildisdagsetning. *Dæmi: 01.01.2020*
- Stofnið nýja útborgun fyrir núverandi mánuð. *Dæmi: mars 2020*
- Við skráningu launa skráist 1 eining mánaðarlauna, fyrir núverandi útborgun.
- Notið launalið *Dæmi. leiðr.laun* (ef hann er ekki til þarf að stofna hann) og skráið inn þá fjárhæð sem þarf til að leiðrétta síðustu tvo mánuði.

Með þessu móti sér launþeginn að verið er að leiðrétta launin og nákvæma krónutölu vegna þess.

Sömu aðferðir með dagvinnu- og eða yfirvinnulaun.

Ef þörf er á aðstoð er hægt að hringja í þjónustuborð Stólpa og óska eftir sérfræðingi í launakerfi, s 512-4400 eða senda okkur tölvupóst á stolpi@stolpi.is.

Gangi ykkur vel
Þjónustuborð Stólpa
Uppfært 8.1.2021